

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Fundargerð 117. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 4. maí 2018, haldinn á skrifstofu eftirlitsins, Aðalstræti 12, í Bolungarvík kl 15:00 Mætt voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Hildur Halldórsdóttir. Kolfinna Guðmundsdóttir og Jón Hörður Elíasson tóku þátt í gegnum síma.

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla 2017
2. Eftirlit
3. Skipulagsmál
4. Matvælastofnun
5. Umhverfisstofnun
6. Starfsleyfi
7. Tímabundið starfsleyfi
8. Umsagnir vegna rekstrarleyfa til sýslumanns
9. Umsagnir vegna tækifærisleyfa til sýslumanns
10. Önnur mál

1. Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits 2017.

Heilbrigðisfulltrúi kynnti starfsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2017. Skýrslan er aðgengilega á hevf.is. Skýrslan tekur saman árið 2017 en er líka ætluð þeim sem vilja kynna sér starfsemi heilbrigðiseftirlits.

2. Eftirlit heilbrigðiseftirlits

- Hlynur Reynisson var skipaður af ráðherra í starfshóp til að undirbúa heildarendurskoðun á reglugerð um Hollustuhætti.
- Sinubrennsla í Höfðey og Rif, umsögn Heilbrigðiseftirlits
- Ástand Íþróttamannvirkja á Flateyri
- Slys í lyftingarstöð, Íþróttamiðstöðin Árbær
- Lóðarteikning Stekkjagata 21
- Vottorð fyrir útflutning til Kína
- Vatnsgæði Geitarhorni Tálknafirði
- Ný reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Kynningarbréf til hafnarstjóra, olíufélaga og aðila sem meðhöndla olíu.
- Athugasemd við facebook færslu Hafkalks vegna heilsufullyrðingar.
- Birting eftirlitsskýrslna á netinu, breyting á lögum nr. 7/1998. Með breytingu nr. 66/2017 á lögum nr. 7/1998 sem tóku gildi 1. janúar 2018. Skv. 54 gr. Laganna skal eftirlitsaðili eftir hverja vettvangsheimsókn taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöður um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. **Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim.** Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni. Þetta er nýtt og vinnur heilbrigðiseftirlitið nú að því að koma

Þessu í framkvæmd, reiknað er með að birta skýrslur eftir að þrjú vikna athugasemdafrestur er liðinn.

3. Umsagnir um skipulagsmál, kynnt

- Skipulagslýsing fyrir Hótel Flókalund
- Breyting á deiliskipulagi Tröllenda Flatey
- Deiliskipulagslýsing vegna deiliskipulags frístundabyggðar Sandsker
- Urðunarstaður á Hóli, ákvörðun um matskyldu
- Ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði Vesturbyggð
- Ákvörðun um matskyldu

4. Matvælastofnun, fréttatilkynningar og leiðbeiningar, kynnt

- Grunur um salmonellu í grísahakki
- Sælgæti frá Ikea, möguleg mengun
- Sölustöðvun, innköllun á Now Ashwgandha
- Reglur um fæðubótarefni sem innihalda CBD
- Matvælahópur, fundargerð 9. apríl 2018
- Námskeið, Öryggi matvæla 21. - 22. mars 2018
- Geymslupolsmerking matvæla. Eftirlitsverkefni 2017
- Breyting á matvælalögum nr. 93/1995. Heilbrigðisnefndir skulu birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sambærilegum hætti og Matvælastofnun. Birta skal upplýsingar um flokkun fyrirtækja. Einnig skal kveðið á um í reglugerð að birta eftirlitsskýrslur. Eftirlitsaðilar skulu greina opinberlega frá ákvörðunum sem fela í sér:
 - a) Stöðvun eða verulega takmörkun á starfsemi matvælafyrirtækis
 - b) Sölustöðvun og innköllun á vörum sem teljast ekki öruggar til neyslu
 - c) Áminningar og álagning dagsekta.

5. Umhverfisstofnun, kynnt

- Samþykkt úrbótaáætlun Artic Smolt ehf
- Umhverfisgæðahópur vorfundur 10. - 11. maí 2018
- Boð á ársfund Umhverfisstofnunar 4. maí 2018
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar olíubirgðastöðvar Skeljungs í Bolungarvík
- Starfsleyfisráðgjafi fyrir samkomuhús
- Fundargerð samráðsfundar UST og HES 8. febrúar 2018
- Hollustuháttahópur fundargerð 19. mars 2018
- Fundargerð Hollustuháttahópur 24. apríl 2018
- Símafundur Ust og Hes 22.3 2018
- Fundargerð Umhverfisgæðahóps 26.3 2018

6. Starfsleyfi

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt

heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár

4401130870	Albína89	Aðalstræti 89	Patreksfjörður	Matvöruverslun með vinnslu
5106542369	Birkimelur gisting	Birkimelur	Krossholt	Gistiskáli
1301842359	Ragnar Þór Marínósson	Móatún 8	Tálknafjörður	Gistiheimili flokkur II
5006992489	Agata ehf	Hvammur	Bjarnarfjörður	Gistiheimili flokkur II
5605972669	Norður Guesthose	Kaupfélagshús	Norðurfirði	Gistiheimili flokkur II
5503051350	Lokinhamrar	Dalbraut 11	Bíldudalur	Gistiheimili flokkur II
65116-0110	Búðarnes ehf	Puríðarbraut 13	Bolungarvík	Skyndibitastaður

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

6011911219	Fiskmarkaður Íslands	Hafnargata 80	Bolungarvík	Önnur ótalin fiskvinnsla- fiskmarkaður
2602982759	Sólbarðar	Sindragata 15	Ísafirði	Hjólbarðaverkstæði

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.

7. Tímabundið starfsleyfi vegna niðurrifs olíutanka

Skeljungur hf kt. 590269-1749 Mávakambur 8, 415 Bolungarvík

8. Umsagnir vegna rekstraleyfa til sýslumanns, kynnt

- Umsögn um Hóla Hóla til að reka gistihús norður Geust
- Umsögn Dokkan Brugghús
- Penna ehf Hótel Flókalundur umsögn til sýslumanns
- Mánafell ehf Stigahlíð 2-4 Bolungarvík
- Massi þrif ehf gistihúsið Tangagötu 10a, 400 Ísafirði

9. Tækifærisleyfi umsögn til sýslumanns, kynnt

- Aldrei fór ég suður, umsögn um tækifærisleyfi
- Tjöruhúsið, umsögn um tækifærisleyfi
- Sveitasælan ehf, umsögn um tækifærisleyfi
- Krúsin, umsögn um tækifærisleyfi
- Dakis ehf, umsögn um tækifærisleyfi

10. Önnur mál

- Vorfundur heilbrigðiseftirlita, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar og ráðuneyta verður haldinn 8. og 9. maí.
- Hlynur vinnur nú í starfshópi með UAR ráðuneyti við endurskoðun á hollustuháttareglugerð.
- Anton sótti vinnufund umhverfisgæðahóps 10. -11. apríl
- Anton sótti námskeið um öryggi matvæla, fræðslufundur Matvælastofnunar um listeríu 21. mars - 22. mars.
- RoSPA (UK) námskeið um öryggi leikvalla á vegum Umhverfisstofnunar verður haldið 22. - 24. maí. Anton og Hlynur eru skráðir á námskeiðið

•

• Fundadagsetningar 2018: Drög

2. fundur 4. maí Matvælaeftirlit

3. fundur	1. júní	Fundur Strandasýsla
4. fundur	31. ágúst	Fundur í Vesturbyggð
5. fundur	26. október	Fjárhagsáætlun.
6. fundur	7. desember	Viðbrögð

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:07